

Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

5. janúar 2021

Fundargerð (18)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 5. janúar 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Rakel Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir
verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum bárust á Teams mánudaginn 4. janúar og þriðjudaginn 5. janúar.

Dagskrá:

1. **Fundargerð** 17. fundar stýrihóps samþykkt. Jafnframt óskaði fólk hvert öðru farsæls nýs árs og þakkað var fyrir traust og ánægjulegt samstarf á liðnu ári.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar. Sérstaklega var rætt um stöðu umsókna til fræðslusjóða og nauðsyn þess að þeir fulltrúar í stýrihópnum sem hafa aðstöðu til knýi á um afgreiðslu umsóknanna.
3. **Dagvinnumenn og vaktavinnumenn.** Fundur milli fulltrúa launagreiðenda og launafólks, sem stýrihópur ákvað á síðasta fundi sínum að boða skyldi, var ekki haldinn. Rætt um aðrar og betri leiðir til að þroska umræðu um viðfangsefnið þannig að skilaboð og leiðbeiningar stýrihópsins um niðurstöðuna geti verið skýr og skiljanleg. Verkefnisstjórninni var falið að taka saman greinargerð til að skýra stöðuna og fara yfir tiltæka kosti. Samráð verður haft við stýrihópsfulltrúa eftir því sem verkefnisstjórn telur þörf á.
4. **Leiðbeiningar til stjórnenda - breytingar á vaktalínum.** Fyrir fundinum lá minnisblað frá verkefnastjórn og lögfræðiteymi endurskoðað eftir umræðu á síðasta fundi. Minnisblaðið samþykkt sem leiðbeiningar frá stýrihópi til stjórnenda og stéttarfélaga, og var hópnum þakkað gott framlag.
5. **Næturvaktarþrep í stofnanasamningum .** Til umræðu var minnisblað verkefnisstjórnar frá síðasta fundi um framkvæmd næturvaktarþrepa í stofnanasamningum og tilurð þeirra ásamt ábendingum og athugasemdum frá Hörpu Júlíu. Rætt um nauðsyn þess að afla skilnings á nýju kerfi, og markmiðum og leiðarljósum kerfisbreytinga um öryggi, heilsu og jafnvægi. Leiðbeiningar um meðferð næturvaktarþrepa þurfi að miðast við það og umbótasamtalið sé

kjarninn í góðum árangri. Huga þurfi sérstaklega að fræðslu og þjálfun þeirra sem ábyrgð bera á umbótasamtölunum.

Samþykkt tillaga verkefnisstjóra um að við gerð leiðbeininga fái verkefnisstjórn til liðs við sig fulltrúa frá launafólki og frá ríki og Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu.

6. **Verkátun verkefnisstjórnar.** Bára Hildur fór yfir verkátun til loka apríl 2021. Gert er ráð fyrir vikulegum fundum stýrihóps fram í febrúar, en þá verður metið á ný hversu tíðir fundir þurfa að vera. Jafnframt mun verkefnisstjórnin fyrir hönd stýrihóps eiga reglubundna fundi með innleiðingarhópum og matshópi til að tryggja samfellu og sameiginlegan skilning og takast á við álitæfni sem vakna. Verkátun samþykkt, m.a. að stýrihópur hittist vikulega á hefðbundnum tíma út janúarmánuð og lengur ef þörf krefur.

7. **Fræðslumál – lærdómur verkefnisstjórnar.** Frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál

- Verkefnisstjóri mun boða vikulega stýrihópsfundi á þriðjudögum kl. 14.00 til 15.30 út janúarmánuð.
- Ráðstöfunarfé fyrir verkefnisstjórn verður rætt á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 15.34. Fundargerð er aðgengileg á Teams.